

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 162/1949, um þjóðleikhús.

163

5. ágúst

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Bókmenntaráðunautur Þjóðleikhússins annast gagnrýni og könnun leikrita og annars bókmenntaefnis og gerir tillögur um val leikrita. Honum ber að kynna sér íslensk og erlend leikrit, sem leikhúsinu berast og segja álit sitt á þeim eins fljótt og unnt er og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að þau berast, nema sérstök atvik hamli. Bókmenntaráðunautur skal veita skriflega umsögn um leikrit, ef þjóðleikhússtjóri æskir.

Við leikhúsið starfar tónlistarnefnd. Í henni eiga sæti Þjóðleikhússtjóri og tveir menn er ráðherra skipar. Nefndin skal fjalla um öll tónlistarmál leikhússins og gera tillögur um val söngleikja og annarar tónlistar á vegum þess. Verði ágreiningur í nefndinni sker þjóðleikhúsráð úr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 86/1947, um Þjóðleikhús, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. ágúst 1953.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um notkun heimildar um stimpilgjald af ábyrgðartryggingarskírteinum.

164

7. ágúst

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum nr. 50 5. ágúst 1953, um breyting á lögum nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald, hefur ráðuneytið ákveðið, að ábyrgðartryggingarskírteini skuli stimplast með átta af hundraði (8%) af fyrsta árs iðgjaldi.

Fjármálaráðuneytið, 7. ágúst 1953.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Sig. Áskelsson.